



Reykjanesbær, 30. apríl 2026

718. fundur bæjarstjórnar Reykjanesbæjar haldinn að Grænásbraut 910  
5. maí 2026, kl. 17:00

#### DAGSKRÁ

1. Fundargerðir bæjarráðs 22. og 30. apríl 2026 (2026010008)
2. Fundargerð stjórnar eignasjóðs 16. apríl 2026 (2026010015)
3. Fundargerð lýðheilsuráðs 21. apríl 2026 (2026010011)
4. Fundargerð íþróttá- og tómstundaráðs 21. apríl 2026 (2026010010)
5. Fundargerð menningar- og þjónusturáðs 24. apríl 2026 (2026010012)
6. Akademiúreitur - svar við fyrirspurn (2025010481)
7. Sveitarstjórnarkosningar 16. maí 2026 - kosning undirkjörstjórnar (2026010121)
8. Ársreikningur Reykjanesbæjar 2025 – síðari umræða (2026040150)



## Fundargerð

1561. fundur bæjarráðs Reykjaneshæjar, haldinn að Grænásbraut 910  
22. apríl 2026, kl. 08:15

### Viðstaddir:

Halldóra Fríða Þorvaldsdóttir formaður, Díana Hilmarsdóttir, Guðný Birna Guðmundsdóttir, Margrét A. Sanders og Margrét Þórarinsdóttir.

Að auki sátu fundinn Kjartan Már Kjartansson bæjarstjóri, Helga María Finnbjörnsdóttir áheyrnarfulltrúi og Erna María Svavarsdóttir ritari.

Bæjarráð samþykkti 5-0 að taka á dagskrá Húsnæðismál Fjölbrautaskóla Suðurnesja (2024010257). Fjallað var um málið undir dagskrárlið 9.

\* \* \*

### 1. Búslóðir að Grænásbraut 602 - tillaga að samkomulagi (2026040245)

Hera Ósk Einarsdóttir sviðsstjóri velferðarsviðs og Unnar Steinn Bjarndal bæjarlögmaður mættu á fundinn.

Lögð fram drög að samkomulagi um skaðabætur vegna tjóns á búslóðum Grænásbrautar 602.

Bæjarráð samþykkir framlögð drög og felur Unnari Steini Bjarndal bæjarlögmanni að vinna áfram í málinu.

### 2. Akadémíureitur (2025010481)

Erla Bjarný Gunnarsdóttir lögfræðingur umhverfis- og framkvæmdasviðs og Gunnar Kristinn Ottósson skipulagsfulltrúi mættu á fundinn.

Lagt fram minnisblað starfshóps um næstu skref verkefnisins Akadémíureitur ásamt verðkönnun og tilboði VSÓ ráðgjafar.

Bæjarráð samþykkir 5-0 tillögur starfshóps um að hefja sölufurli húsnæðis Akadémíunnar sem hluta af heildarverkefninu. Bæjarráð samþykkir einnig tilboð VSÓ í ráðgjöf varðandi verkefnið upp á 4,6 milljónir sem tekið verður af lykli 31-410.

Bæjarráð leggur til að tímalína verkefnisins miði við að gögn verði tilbúin í síðasta lagi 1. október 2026 en leggur áherslu á að vinna við skipulag er hluti af heildarverkefninu.

### 3. Afreksbraut (2022050239)

Lögð fram tillaga stýrihóps vegna uppbyggingar íþróttamannvirkja á Afreksbraut.

Bæjarráð þakkar stýrihópi og hagsmunaaðilum fyrir þá vinnu sem unnin hefur verið í málinu undanfarin misseri. Bæjarráð samþykkir 5-0 framlagðar tillögur sem fela í sér að undirbúningur verði hafinn við að byggja nýtt fimleikahús og stoðrymi auk samtals fimm æfingavalla fyrir knattspyrnudeildir UMFN og Keflavíkur. Staðsetning vallanna verður ákveðin í samráði við félagin. Eins og fram kemur í minnisblaði stýrihóps þá er mikill vilji innan íþróttahreyfingarinnar og bæjarins til að hefjast handa sem allra fyrst en markmið þeirrar nálgunar sem lögð er fram er að tryggja ábyrga og hagkvæma nýtingu opinbers fjár. Framgangur og tímasetning verkefnisins er því háð framvindu tekjuöflunarpátta sem lagðir voru til grundvallar.

Bæjarráð fagnar því að brátt getur vinna hafist við uppbyggingu nýs fimleikahúss og fjölgun æfingavalla og leggur ríka áherslu á áframhaldandi góða samvinnu við íþróttahreyfinguna.

Bæjarráð felur stjórn eignasjóðs að taka við verkefninu samkvæmt verklagsreglu þar sem fullnaðarhönnun og kostnaðaráætlun verða unnin og að tekið sé tillit til verkefnisins í vinnu við fjárfestingaáætlanir 2027-2032.

#### **4. Samræmd flokkun starfsstöðva Reykjanesbæjar (2023110097)**

Samræma þarf innkaup á sorpílátum fyrir starfsstöðvar Reykjanesbæjar. Á 69. fundi sjálfbærniráðs Reykjanesbæjar vísaði ráðið erindinu til skoðunar hjá bæjarráði.

Stofnanir Reykjanesbæjar eiga samkvæmt lögum að flokka í fjögur flokkunarílát til að framfylgja flokkunarreglum sveitarfélagsins og lögum um meðhöndlun úrgangs nr. 55/2003. Með breytingum á lögnum 2021-2023 er skylt að flokka heimilisúrgang í fjóra flokka; almennt sorp, plast, pappír og matarleifar. Auk þess þarf að yfirfara samninga um sorphirðu til að gæta samræmis milli stofnana.

Bæjarráð felur Kjartani Má Kjartanssyni bæjarstjóra að vinna áfram í málinu.

#### **5. Skólavellir - nýting skólaárið 2026-2027 (2026030248)**

Lagt fram minnisblað um nýtingu húsnæðis á malarvellingum við Hringbraut fyrir frístundaheimili Holtaskóla skólaárið 2026-2027.

Bæjarráð samþykkir þarfagreininguna og vísar málinu til stjórnar Eignasjóðs samkvæmt verklagsreglu VRL-0044.

#### **6. Aðalfundur landeigenda Ytri-Njarðvíkur með Vatnsnesi (2026040231)**

Lagt fram fundarboð fyrir aðalfund félags landeigenda Ytri-Njarðvíkurhverfis með Vatnsnesi ásamt tilnefningu fulltrúa Reykjanesbæjar á aðalfund félagsins.

Bæjarráð felur Gunnari K. Ottóssyni að fara með atkvæði sveitarfélagsins á aðalfundinum.

Bæjarráð samþykkir að tilnefna Erlu Bjarnýju Gunnarsdóttur sem aðalmanntilnefningu í stjórn félagsins fyrir sveitarfélagið. Gunnar K. Ottósson fer út sem varamaður og Anna Þóra Gísladóttir er tilnefnd sem varamaður í hans stað.

#### **7. Fundargerð stjórnar Sambands sveitarfélaga á Suðurnesjum 15. apríl 2026 (2026010317)**

Lögð fram til kynningar fundargerð stjórnar Sambands sveitarfélaga á Suðurnesjum.

#### **8. Fundargerðir stjórnar Kölku sorpeyðingarstöðvar 13. janúar og 10. febrúar 2026 (2026040232)**

Lagðar fram til kynningar fundargerðir stjórnarfundna Kólku sorpeyðingarstöðvar Suðurnesja.

**9. Húsnæðismál Fjölbrotaskóla Suðurnesja (2024010257)**

Málinu var vísað til umræðu í bæjarráði á fundi bæjarstjórnar þann 21. apríl 2026.

Forseta bæjarstjórnar falið að finna fundartíma með fulltrúum ríkisins.

---

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 10:22.



## Fundargerð

1562. fundur bæjarráðs Reykjaneshæjar, haldinn að Grænásbraut 910 - Seltjörn,  
30. apríl 2026, kl. 08:15

### Viðstaddir:

Halldóra Fríða Þorvaldsdóttir formaður, Díana Hilmarsdóttir, Guðný Birna Guðmundsdóttir, Margrét A. Sanders og Margrét Þórarinsdóttir.

Að auki sátu fundinn Kjartan Már Kjartansson bæjarstjóri, Birgir Már Bragason áheyrnarfulltrúi og Hrefna Gunnarsdóttir ritari.

Helga María Finnbjörnsdóttir boðaði forföll, Birgir Már Bragason sat fyrir hana.

Bæjarráð samþykkti 5-0 að taka á dagskrá Fundargerð stjórnar eignasjóðs Reykjaneshæjar 16. apríl 2026 (2026010015). Fjallað var um málið undir dagskrárlið 7.

\* \* \*

#### 1. Ársreikningur Reykjaneshæjar 2025 (2026040150)

Ágúst Kristinsson endurskoðandi frá PwC, Þorgeir Sæmundsson deildarstjóri reikningshalds og Regína Fanný Guðmundsdóttir sviðsstjóri fjármála- og stjórnisýslusviðs mættu á fundinn.

Kynnt voru drög að endurskoðunarskýrslu vegna endurskoðunar ársreiknings Reykjaneshæjar fyrir árið 2025.

#### 2. Stapabraut 15 - tilboð (2026030317)

Gunnar Kr. Ottósson skipulagsfulltrúi mætti á fundinn.

Lögð fram tilboð sem bærust í byggingarrétt á Stapabraut 15.

Bæjarráð samþykkir að Erla B. Gunnarsdóttir lögfræðingur umhverfis- og framkvæmdasviðs og Gunnar Kr. Ottósson skipulagsfulltrúi gangi til samninga við Reiti og geri drög að þróunarsamningi sem lagður verður fyrir bæjarráð.

#### 3. Umsögn vegna breytingar á rekstrarleyfi - GusKat ehf., Framnesvegur 23 (2026030441)

Erindi Sýslumannsins á Suðurnesjum vegna umsóknar um leyfi til að reka veitingastað í flokki II - E. Lagðar fram umsagnir byggingarfulltrúa Reykjaneshæjar, Brunavarna Suðurnesja og Heilbrigðiseftirlits Suðurnesja. Bæjarráð samþykkir umsóknina fyrir sitt leyti með vísan til fyrirbyggjandi umsagna.

#### 4. Aðalfundur Eignarhaldsfélags Suðurnesja 5. maí 2026 (2026040286)

Lagt fram aðalfundarboð Eignarhaldsfélags Suðurnesja.

Bæjarráð felur Kjartani Má Kjartanssyni bæjarstjóra að fara með atkvæði Reykjanesbæjar.

5. Fundargerð stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga 17. apríl 2026 (2026010670)

Lögð fram til kynningar fundargerð stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga.

6. Umsagnarmál frá nefndasviði Alþingis (2026010648)

- Frumvarp til loftslagslaga, 595. mál  
<https://www.althingi.is/alttext/pdf/157/s/1024.pdf>

Umsagnarmál lögð fram.

7. Fundargerð stjórnar eignasjóðs Reykjanesbæjar 16. apríl 2026 (2026010015)

Lögð fram til kynningar fundargerð stjórnar Eignasjóðs Reykjanesbæjar.

---

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 9:41



## Fundargerð

28. fundur stjórnar eignasjóðs Reykjanesbæjar, haldinn að Grænásbraut 910  
16. apríl 2026, kl. 14:00

Viðstaddir: Halldóra Fríða Þorvaldsdóttir formaður, Birgir Már Bragason, Friðjón Einarsson, Grétar I. Guðlaugsson, Harpa Björg Sævarsdóttir og Sigurður Garðarsson.

Að auki sátu fundinn Hreinn Ágúst Kristinsson deildarstjóri eignaumsýslu, Guðlaugur Helgi Sigurjónsson sviðsstjóri umhverfis- og framkvæmdasviðs, Magnþór Breki Ragnarsson, verkefnastjóri viðhalds og nýframkvæmda og Aðalheiður Ósk Gunnarsdóttir ritari.

\* \* \*

### 1. Svítur við Myllubakkaskóla (2026030446)

Tillögur að nýjum staðsetningum á tveimur svítum sem nú eru á lóð Myllubakkaskóla lagðar fram. Á fundi bæjarráðs voru tillögurnar samþykktar.

Stjórn eignasjóðs samþykkir að ein svíta verði staðsett við gervigrasvöll við Reykjaneshöll og ein verði nýtt sem viðbótarhúsnæði við Ösp að Brekkustíg 11. Flutningur og niðursetning er kostað af framkvæmdalykli Myllubakkaskóla, tengingar og annar kostnaður af ófyrirséðum kostnaði eignaumsýslu.

### 2. Fjárfestingaverkefni - uppgjör fyrsta ársfjórðungs (2025080340)

Hreinn Ágúst Kristinsson deildarstjóri eignaumsýslu fór yfir stöðu og kostnað fjárfestingaverkefna á fyrsta ársfjórðungi 2026. Verkefni eru á áætlun og innan fjárheimilda.

### 3. Viðhaldsframkvæmdir - uppgjör fyrsta ársfjórðungs (2025100210)

Hreinn Ágúst Kristinsson deildarstjóri eignaumsýslu fór yfir stöðu viðhaldsframkvæmda á fyrsta ársfjórðungi 2026. Verkefni eru á áætlun og innan fjárheimilda. Þó hefur verið meira af uppfærsluverkefnum á fyrsta ársfjórðungi en áætlað var.

Stjórn eignasjóðs felur deildarstjóra eignaumsýslu að ræða við sviðsstjóra fjármála- og stjórnsýslusviðs um skiptingu viðhalds og reksturs á bókhaldslykla.

### 4. JBÓ Völlur, Afreksbraut 10 – staða framkvæmda (2026020395)

Upplýsingar um stöðu framkvæmda við JBÓ völlinn að Afreksbraut 10 og kostnað verkefnisins lagðar fram og er verkið á áætlun og innan fjárheimilda.

### 5. Leikskólinn Hjallatún – innanhúsbreytingar (2026010238)

Hreinn Ágúst Kristinsson deildarstjóri eignaumsýslu fór yfir hönnun breytinga á húsnæði leikskólans Hjallatúns, sem fela í sér að öll aðstaða starfsmanna verður undir sama þaki og

betri nýting verður á mannvirkinu, auk þess sem laus kennslustofa sem staðsett er á lóðinni losnar. Aðaluppdrættir eru tilbúnir og frumkostnaðaráætlun liggur fyrir.

**6. Framkvæmdaóskir - uppfærslur eða fjárfestingar (2026030449)**

Uppfærður listi yfir óskir um framkvæmdir lagður fram.

---

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 15:49.



## Fundargerð

67. fundur Lýðheilsuráðs Reykjaneshæjar, haldinn að Grænásbraut 910  
21. apríl 2026, kl. 14:00

Viðstödd: Bjarney Rut Jensdóttir formaður, Anna Lydía Helgadóttir, Karítas Lára Rafnkelsdóttir, Hildur Björnsdóttir og Magnús Einþór Áskelsson.

Að auki sátu fundinn: Hafþór Barði Birgisson, íþróttá- og tómstundafulltrúi, Guðdís Malín Magnúsdóttir fulltrúi ungmennaráðs og Erna María Svavarsdóttir ritari.

\* \* \*

### 1. Frísk í Reykjaneshæ (2026040089)

Fríða Karen Gunnarsdóttir og Eva Katrín Friðgeirsdóttir mættu á fundinn og kynntu Frísk í Reykjaneshæ.

Lýðheilsuráð þakkar fyrir góða kynningu og hrósar Keflavík, íþróttá- og ungmennafélagi og Ungmennafélaginu Njarðvík fyrir frumkvæðið að standa fyrir þessu mikla lýðheilsuverkefni.

### 2. Fundargerð Samtakahópsins 9. apríl 2026 (2026020246)

Fundargerð Samtakahópsins lögð fram.

### 3. Skessuskokk 2026 (2026040174)

Lýðheilsuráð minnir á Skessuskokkið á BAUN 2026 en Skessuskokkið fer fram laugardaginn 9. maí kl. 11:00.

### 4. Forvarnardagur ungra ökumanna (2026040175)

Árlegur forvarnardagur ungra ökumanna var haldinn í Tómskundamiðstöð Reykjaneshæjar þriðjudaginn 14. apríl sl. Nemendur á fyrsta ári í Fjölbrautaskóla Suðurnesja tóku þátt.

Markmiðið með verkefninu er að auka öryggi í umferðinni, fækka umferðarslysum og vekja ungmennin til umhugsunar um þá ábyrgð sem fylgir því að fá bílpróf.

Nemendur fengu fræðslu um afleiðingar umferðarlagabrota, sektir, tjónaskyldu og brot gegn þriðja aðila auk þess að upplifa að fara í veltibíl og prófa ölvunargleraugu.

Sviðsett var umferðarslys á planinu við Tómskundamiðstöðina við Hafnargötu 88 og fengu nemendur að sjá hvernig lögregla og sjúkraflutningamenn athafna sig þegar slys verður og klippa þarf bíl í sundur.

Lýðheilsuráð vill hrósa öllum þeim sem komu að framkvæmd þessa glæsilega verkefnis.

### 5. Sumar í Reykjaneshæ 2026 (2025080282)

Hafþór Birgisson íþrótta- og tómstundafulltrúi fór yfir vinnu við að setja upp sumarvefinn. Skilafrestur rennur út þann 22. apríl nk. og íþrótta- og tómstundatilboðin verða kynnt á fristundir.is innan skamms.

**6. Hjólað í vinnuna 1.-31. maí 2026 (2026040176)**

Lýðheilsuráð hvetur öll til þátttöku í verkefninu Hjólað í vinnuna sem fer fram 1. til 31. maí 2026.

**7. Hljájan - lágbröskuldarþjónusta fyrir ungmenni (2025080515)**

Lýðheilsuráð vill koma á framfæri kærum þökkum til þeirra sem komu Hljájunni, nýrri ráðgjafarþjónustu fyrir ungmenni, á laggirnar.

---

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 15:34.



## Fundargerð

204. fundur Íþróttá- og tómsundaráðs Reykjanesbæjar, haldinn að Grænasbraut 910  
21. apríl 2026, kl. 16:00

Viðstaddir: Eva Stefánsdóttir formaður, Hjördís Baldursdóttir, Magnús Einþór Áskelsson, Marta Sigurðardóttir og Jóhann Gunnar Sigmarsson.

Að auki sátu fundinn Rúnar Vífill Arnarson formaður Íþróttabandalags Reykjanesbæjar, Frosti Kjartan Rúnarsson fulltrúi ungmennaráðs, Helgi Arnarson sviðsstjóri menntasviðs og Hafþór Barði Birgisson Íþróttá- og tómsundafulltrúi sem jafnframt ritaði fundargerð.

\* \* \*

### 1. Aðstöðuleysi knattspyrnunnar í Reykjanesbæ (2026040070)

Sólrún Sigvaldadóttir, Ragnar Aron Ragnarsson og Birgir Mór Bragason fóru yfir aðstöðuleysi knattspyrnunnar í Reykjanesbæ.

Íþróttá- og tómsundaráð tekur undir áhyggjur þeirra og telur nauðsynlegt að bæta þurfi strax aðstöðuna í Reykjanesbæ.

### 2. Þátttökutölur barna í íþróttum í Reykjanesbæ 2025 (2026040069)

Hafþór Birgisson Íþróttá- og tómsundafulltrúi fór yfir mælaborð varðandi þátttöku barna í íþróttum í Reykjanesbæ.

#### Helstu tölur:

- Árið 2024 iðkuðu 4.493 börn íþrótt eða tómsund og árið 2025 voru þau 4.723. Samsvarar það 5,1% hækkun á milli ára.
- Hlutfall barna sem stunduðu íþrótt eða tómsund hækkaði úr 61,0% árið 2024 í 63,9% árið 2025.
- Hlutfall barna með íslenskt ríkisfang hækkaði úr 67,1% árið 2024 í 72,4% árið 2025.
- Hlutfall barna með erlent ríkisfang lækkaði úr 35,9% árið 2024 í 34% árið 2025. Iðkendum fjölgaði milli ára en fjölgunin var hlutfallslega minni en hlutfallsleg fjölgun barna með erlent ríkisfang í Reykjanesbæ.
- Hlutfall drengja hækkaði úr 61,9% árið 2024 í 66,2% árið 2025
- Hlutfall stúlkna hækkaði úr 60,1% árið 2024 í 61,7% árið 2025.

Mælaborðið er hægt að skoða hér: <https://www.reykjanesbaer.is/is/thjonusta/ithrottir-tomstundir/thattokutolur-barna-og-ungmenna>

Íþróttá- og tómsundaráð þakkar Hagdeild Reykjanesbæjar fyrir vinnu við mælaborðið.

### **3. Færanlegar kennslustofur (2025010051)**

Vélfhjólaíþróttafélag Reykjaness óskar eftir svítu. Erindið var áður á dagskrá íþrótt- og tómstundaráðs á 190. og 193. fundum ráðsins, var því þá vísað til fjárhagsáætlunargerðar 2026.

Íþrótt- og tómstundaráð tekur undir að aðstöðu Vélfhjólaíþróttafélags Reykjaness sé ábótavant og felur Hreini Ágústi Kristinssyni deildarstjóra Eignaumsýslu að kanna birgðastöðu á svítum sveitarfélagsins.

Íþrótt- og tómstundaráð minnir á að Íslandsmótið í Motocross fer fram í sumar í Reykjanesbæ.

### **4. Þjónustusamningur við Skátafélagið Heiðabúa 2026 (2026040072)**

Samningurinn lagður fram og samþykktur.

### **5. Viðhaldsáætlun Knattspyrnudeildar Keflavíkur 2026 (2026040071)**

Viðhaldsáætlun Knattspyrnudeildar Keflavíkur lögð fram.

### **6. Viðhaldsáætlun Knattspyrnudeildar UMFN 2026 (2026040140)**

Viðhaldsáætlun Knattspyrnudeildar UMFN lögð fram.

---

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 17:36.



## Fundargerð

75. fundur menningar- og þjónusturáðs Reykjanesbæjar, haldinn að Grænásbraut 910  
24. apríl 2026, kl. 10:00

Viðstaddir: Trausti Arngrímsson formaður, Elfa Hrund Guttormsdóttir, Gígja Sigríður Guðjónsdóttir, Gunnar Jón Ólafsson og Aðalheiður Hilmarsdóttir.

Að auki sátu fundinn Halldóra Guðrún Jónsdóttir sviðsstjóri menningar- og þjónustusviðs, Guðlaug M. Lewis menningarfulltrúi og Erna María Svavarsdóttir ritari.

\* \* \*

### 1. Nýr þjónustuvefur - staða á uppsetningu (2025040408)

Halldóra G. Jónsdóttir, sviðsstjóri menningar- og þjónustusviðs, fór yfir stöðuna á vinnu og uppsetningu á nýjum þjónustuvef sveitarfélagsins, reykjanesbaer.is.

### 2. Hljómahöll - styrkir til viðburðahalds (2026040269)

Tómas Viktor Young framkvæmdastjóri Hljómahallar mætti á fundinn og fór yfir umsóknir sem bárust um styrki til viðburðahalds í Hljómahöll. Alls bárust 11 umsóknir og 10 hlutu styrk.

### 3. Listahátíð barna 2026 (2026040263)

Helga Þórsdóttir safnstjóri Listasafnsins mætti á fundinn og kynnti listahátíð barna sem fer fram í Listasafni Reykjanesbæjar, samhliða BAUN barna- og ungmennahátíð, 30. apríl til 10. maí 2026.

Menningar- og þjónusturáð og Listasafn Reykjanesbæjar hvetja alla bæjarbúa til að skoða sýninguna í Listasafninu.

### 4. 17. júní 2026 - ræðumaður og fánahyllir (2026030451)

Á fundi menningar- og þjónusturáðs 1. apríl 2026 var ráðinu falið að koma með tillögur að ræðumanni og fánahylli fyrir hátíðardagskrá 17. júní á næsta fundi sínum.

Nöfn fánahyllis og ræðumanns verða gefin upp síðar eins og vani er.

### 5. Ljósanótt 3.-6. september 2026 (2026040270)

Guðlaug María Lewis menningarfulltrúi fór yfir stöðuna á undirbúningi fyrir Ljósanótt. Á næstu vikum verður leitað til fyrirtækja varðandi stuðning við hátíðina.

Menningar- og þjónusturáð hvetur fyrirtæki eindregið til þess að taka höndum saman og leggja sitt af mörkum.

### 6. Erindi um Skessuhelli (2026040067)

Menningar- og þjónusturáði hefur borist erindi frá íbúa þar sem lagt er til að bæta við trölli í Skessuhelli.

Menningar- og þjónusturáð tekur vel í erindið og verður það tekið til skoðunar. Ráðið tekur undir að það eru mörg tækifæri til þess að þróa Skessuhelli áfram.

---

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 11:45.